

7. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum skv. þeim, varða sektum, allt að kr. 5000.00. Um meðferð mála út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um stækkun lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Mörk lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar skulu vera: Að norðan: landamörk jarðanna Innstavogs og Óss um Blautós og síðan Berjadalsá frá sjó og yfir fyrir land jarðarinnar Garða. Að austan: landamörk jarðarinnar Garða frá Berjadalsá eftir Lönguásum í Tannaberg og þaðan í sjó við Leyni.

2. gr.

Akraneskaupstaður tekur að sér framfærslu allra þeirra þurfamanna, sem eru eða verða og framfærslurétt eiga eða mundu eignast í Innri-Akraneshreppi, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á landi því, er samkvæmt lögum þessum fellur undir lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar.

3. gr.

Bætur fyrir tekjurýrnun Innri-Akraneshrepps, er leiðir af lögum þessum, skulu ákveðnar af gerðardómi, skipuðum þremur mönnum. Tilnefna aðilar sinn manninn hvor í dóminn, en hæstiréttur tilnefnir oddamann, og er hann formaður dómsins. Vanræki annar hvor aðila eða báðir að tilnefna mann í dóminn, skal hæstiréttur tilnefna, svo að dómurinn verði fullskipaður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.